

Raforkuverðið lágt og stöðugt

Jónas Hlynur Hallgrímsson

Raforkuverð til heimila og fyrirtækja hefur alla tíð verið lágt og stöðugt hérlendis. Nýlega birtu Hagstofan samanburð á raforkuverði heimila og minni fyrirtækja hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum. Samkvæmt útreikningum Hagstofu greiddi meðalheimili hér á fyrri helmingi síðasta árs 21,6 kr./kWh fyrir raforkuna. Innifalið í þeim kostnaði er raforka, flutningur, dreifing og skattar. Raforkan ein og sér er einungis um fjórðungur af heildarkostnaði heimilis. Sjá mynd 1.



Jónas Hlynur Hallgrímsson

um lægri en í hinum löndunum eins og sést á myndinni. Á fyrri helmingi síðasta árs jókst enn frekar munurinn milli Íslands og hinna norrænu landanna í kjölfar þess að verð á orkumörkuðum hækkaði mikið vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Sjá mynd 2.

Samkeppnin aukist og heimili skiptu um sölfyrirtæki

Samkeppni hefur aukist verulega í sölu raforku til heimila og fyrirtækja á undanförunum árum. Sölfyrirtæki raforku eru nú átta talsins og hafa þrjú þeirra hafið starfsemi á undanförunum árum. Fyrirtækin þrjú bjóða lægsta raforkuverðið til heimila. Um þessar mundir er rúmlega 35% munur á hæsta og lægsta raforkuverðinu til heimila frá sölfyrirtækjunum. Sparnaður meðalheimilis af því að skipta frá flestum eldri fyrirtækjunum til hinna nýju getur verið um 5-10 þúsund krónur á ári.


Ein birtingarmynd samkeppninnar er að rúmlega 10 þúsund heimili skiptu um sölfyrirtæki á árinu 2022. Það eru tífalt fleiri heimili en árið 2018 og rúmlega tuttugfalt fleiri ef lítið er til ársins 2012. Svip-

» Ef heimili velur að kaupa ekki upp-runavottaða raforku verður kostnaðurinn auðvitað enn hinn sami þar sem vottorðin eru valkvæð.


ada sögu má segja af fyrirtækjum, margfalt fleiri fyrirtæki skiptu um sölfyrirtæki á árinu 2022 miðað við fyrri ár.

Aðskilnaður raforku og upprunaábyrgða

Landsvirkjun hefur ákveðið að láta upprunaábyrgðir ekki fylgja með í heildsölu til sölfyrirtækja með sölinni fyrir árið 2023 án greiðslu. Er þar með verið að færa fyrirkomulagið til samræmis við önnur lönd. Sölfyrirtækin selja raforkuna áfram til heimila og fyrirtækja og hafa þau val um það hvort þau bjóði viðskiptavinum sínum upprunaábyrgðir, mögulega gegn aukalægrri greiðslu. Upprunaábyrgð er staðfesting á að raforkan hafi verið framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum og er sjálfstæð söluvara, óháð afhendingu á raforkunni sjálfri. En tilgangur kerfisins er að auka



Mynd 1.



Mynd 2.

arðsemi endurnýjanlegrar orku og flýta þannig orkuskiptum í Evrópu.

Fyrir meðalheimili hérlendis sem velur sérstaklega að fá upprunavottorð má áætla að á árinu 2023 aukist heildarkostnaður við raforkukaup um 140 kr. á mánuði eða tæpar 1.700 kr. á ári, eða um tæp 2%. Það er að því gefnu að sölfyrirtækið velti kostnaði að öllu leyti út í verðlagið. Fyrir heimili getur verið mögulegt að skiptin til ódýrara sölfyrirtækis vegi upp kostnaðinn af því að fá upprunaábyrgðir, og rúmlega það. Ef heimili velur að kaupa ekki upprunavottaða raforku verður kostnaðurinn auðvitað enn hinn sami þar sem vott-

orðin eru valkvæð. Fyrir fyrirtæki sem notar töluverða raforku má áætla að kostnaðurinn aukist um rúm 2% ef það ákveður að kaupa vottaða raforku. Líkt og fyrir heimilinu eru kaupin valkvæð og ef fyrirtækið velur að kaupa ekki upprunaábyrgð verður kostnaðurinn óbreyttur. Upphropanir um að kostnaður heimila og fyrirtækja rjúki upp um 20% eru ekkert annað en það: innantómar upphropanir, rakalausar með öllu.

Höfundur er sérfræðingur í viðskiptagreiningu á sviði sölu og þjónustu hjá Landsvirkjun

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. janúar 2023, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2023 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. janúar 2023, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ókutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjalddi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafagjaldi, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjalddi handhafa markaðsleyfis, veiðigjalddi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útsvarsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálfyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldendna.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búaast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjöld mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ókutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem löggætt fylgir mega búaast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuárræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. janúar 2023

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Velvakandi



Þjóðmínjasaðn Islands/Magnús Ólafsson

Þjónusta Pósturinn barst með skilum í sveitirnar hér áður fyrr.

Kemur pósturinn við í Timbúktú?

Þóstþjónusta hefur minnkað mikið undanfarið og er aðeins skuggi af sjálfri sér eftir áhlaup tækninnar.

Þó stendur það eftir enn að eidsvarnir póstmenn koma með bréf og blöð í sveitirnar þótt sjaldnar sé, en það venst.

Það sem ekki venst er ef maður sendir eitthvað til útlanda, t.d. Berlínar, þá er ekki von til að sá böggull skili sér fyrr en eftir sex vikur hið minnsta. Við sem höldum okkur vera í bakgarði Evrópu, eða hina hjá okkur, en það kemur ekki fram í afgreiðsluhraðanum.

Þegar svo þakkin kemur á staðinn

er hann oft liður og hefur farið öfva, en stundum frískur og finn og hefur þá bara gleymst á bak við hurð.

Það er sem sé víða búið að einka-svarnir póstmenn koma með bréf og blöð í sveitirnar þótt sjaldnar sé, en það venst.

Það sem ekki venst er ef maður sendir eitthvað til útlanda, t.d. Berlínar, þá er ekki von til að sá böggull skili sér fyrr en eftir sex vikur hið minnsta. Við sem höldum okkur vera í bakgarði Evrópu, eða hina hjá okkur, en það kemur ekki fram í afgreiðsluhraðanum.

Sunnendingur